

Sunnudagskvöldið 14. júní 2009 hittist starfandi fjallskilanefnd
Auðkúluheiðar á Syðri- Löngumýri.

Fór nefndin þaðan akandi á Löngumýrar Grána fram að Seyðisá til
gróðurskoðunar.

Fannst mönnum stefna vel með gróður, heiðin óvenju jöfn, þó ívið
lakari á framheiðinni. Ákveðið var að leyfa upprekstur frá og með 17. júní í
trausti þess að rólega verði flutt fyrstu dagana.

Ekki var skoðað hrossahólf né tekin ákvörðun um upprekstur hrossa.

Það sem skyggði á í ferðinni var ástand vegar, og töldu menn það ekki
bjóðandi hvorki bændum í fjárflutningum né almennum ferðamanni.

Sigurður Ingi Guðmundsson
Gísli Hólm Geirsson
Jón Kristófer Sigmarsson